

Forsætisnefnd Alþingis

Með bréfi skrifstofu Alþingis 20. nóvember sl. var mér gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum mínum um þær alvarlegu ásakanir sem fram koma á hendur mér í bréfi Björns Levís Gunnarssonar alþingismanns til forsætisnefndar 16. nóvember sl. Í bréfi B.L.G. er gefið í skyn að ég hafi misnotað aðstöðu mína sem alþingismaður til að fá endurgreiddan aksturskostnað sem ég hafi ekki átt rétt á samkvæmt reglum um þingfararkostnað. Ég hafna algerlega þessum aðdróttunum.


Störf þingmanna eru fjölbreytt og ég sem þingmaður í landsbyggðarkjördæmi hef ákveðnum skyldum að gegna, sem er mikilvægt að sinnt sé af trúmennsku og það hef ég reynt að gera. Langstærstur hluti aksturs míns er vegna ferða til og frá Reykjavík (heimanakstur) og vegna ferða um Suðurkjördæmi. Þeir sem vilja eiga að vita að ég hef lagt hart að mér í störfum mínum sem þingmaður Suðurkjördæmis og leitast við að eiga gott samband og samstarf við kjósendur. Ég lít á það sem skyldu mína að vera í beinu sambandi við íbúa Suðurkjördæmis og allar ferðir mínar snúast um að rækta sambandið, taka við ábendingum, kynnast óskum og aðstæðum íbúanna. Mér væri ókleift að sinna starfi þingmanns með þeim hætti sem kjósendur gera kröfur til, án þess að ferðast um kjördæmið. Hygg ég að hið sama eigi við um þá þingmenn sem telja nauðsynlegt að þekkja og skilja hagsmuni einstakra byggða, fyrirtækja og einstaklinga. Augljóst er að meiri tími fer í löng ferðalög í víðfeðum kjördæmum. Hvorki tími né vegalengd hefur komið í veg fyrir að ég sinni skyldum mínum. Allar þær ferðir sem ég hef óskað eftir endurgreiðslu á frá þinginu hafa tengst starfi mínu sem þingmaður. Það get ég sagt með góðri samvisku.

Ég hafna því með öllu að ég hafi misnotað aðstöðu mína með því að leggja fram misvísandi reikninga eða reikninga vegna persónulegs aksturs. Ásakanir um fjárvík eru rangar. Ég hef gert grein fyrir ferðum mínum í hvert sinn eins og fylgt þar í einu og öllu reglum um þingfararkostnað, vinnureglum skrifstofu Alþingis og leiðbeiningum um endurgreiðslu ferðakostnaðar. Vísa ég enn fremur til greinagerðar skrifstofunnar um þingfararkostnað frá 26. febrúar sl. Ég hef ekki fengið athugasemdir frá skrifstofunni vegna óska um endurgreiðslur aksturskostnaðar í þau sex ár sem ég hef gegnt þingmennsku.

Ég vil þó upplýsa, sem ekki hefur áður komið fram, að eftir Kastljóspátt í Ríkissjónvarpinu 14. febrúar 2018, þar sem vísað er til samtals míns við stjórnanda þáttarins („viðbót í lok þáttar“) var mér ljóst að það gæti orkað tvímælis að blanda saman ferðum mínum um kjördæmið og ferðum á sama tíma með tökufolki ÍNN. Það er rétt að benda á að ég sem þingmaður þáði ekki laun sem þáttastjórmandi hjá ÍNN. Var ég þar í sömu stöðu og þingmenn allra flokka sem tóku að sér þáttagerð hjá ÍNN á þessum tíma og þáðu ekki laun fyrir. Ákveðið var að þættir mínir væru teknir víða í kjördæmi mínu og ræddi ég við áhugaverða viðmælendur, kynnti þá og kjördæmið í leiðinni. Ég leit þannig á að ég væri að slá tvær flugur í einu höggi; nýta ferð í þágu þingstarfa til að vinna að þáttagerðinni samhlíða. Slíkt orkar tvímælis. Vegna þess og að eigin frumkvæði, greiddi ég því skrifstofu Alþingis til baka þann 19. febrúar sl. 178.000 kr. vegna ferða sem mér höfðu verið endurgreiddar til þess að enginn vafi léki á því að rétt væri að staðið, enda vil ég alltaf koma rétt og heiðarlega fram.

Það er rangt að halda því fram að ég fylgi ekki eða hafi ekki fylgt settum reglum þegar kemur að ferðakostnaði vegna þingstarfa. Það er sárt að sitja undir innihaldslausum ásökunum um óheiðarleika. Síendurknar dylgjur af því tagi munu ekki koma í veg fyrir að ég haldi áfram að sinna starfi mínu sem þingmaður og halda trúnað við íbúa Suðurkjördæmis, eins og landsins alls.

Reykjavík, 23. nóvember 2018



Ásmundur Friðriksson
Ásmundur Friðriksson alþingismaður